



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 8. október 2015
Málsnr. 1510070

Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar á frumvarpi til laga um breytingu um lögum á náttúruvernd nr. 60/2013. (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál. til umsagnar

Í bréfi þessu er sett fram umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar sbr. erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 24. september 2015.

Meginefni frumvarpsins taka á og skýra nánar framkvæmd ákvæða laganna þar sem helstu breytingar eru skilgreiningar nokkurra hugtaka, til skýringar og einföldunnar. Eins er gert skýrara hvaða málsmeðferð og réttaráhrif er verið að fjalla í hverjum kafla fyrir sig.

Lögð er til breyting á framsetningu varúðarreglunnar í 9. gr laganna. Skýrt er nánar hvert hlutverk stofnana er, sérstaklega á milli Umhverfisstofnunnar og Náttúrufræðistofnunnar Íslands. Að auki er lagt til að auka möguleika á því að náttúrustofur geti haft hlutverk við framkvæmd náttúruverndarlaganna. Ákvæði almannaréttar eru skýrð og leitast er við að tryggja almannarétt til frjálsrar farar. Á hinn bóginn er rétti til að takmarka umferð um landsvæði breytt á þann hátt að ítarlegri ákvæði eru um heimildir til að takmarka umferð, bæði á grundvelli nýtingar landeigenda og í verndarskyni þar sem hætta er á tjóni að völdum mikillar umferðar.

Ákvæðum um umferð um vötn verða enn í vatnalögum en hugmyndir voru að færa þau yfir í náttúruverndarlög.

Við yfirferð þessara breytingartillögu er verið að skerpa á skyldum almennings til að ganga vel um náttúru Íslands, almannarétturinn er styrktur og er skýrar kveðið á um heimildir landeigenda til að takmarka umferð um landið sitt.

Hér er gert ráð fyrir að verkaskipting sé skýr á milli þeirra stofnanna sem hafa með náttúruvernd að gera. Einnig er skýrar kveðið á um réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá auk réttaráhrifar sérstakrar verndar tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

Í V kafla um akstur utan vega er gert ráð fyrir að birting kortagrunns sé í höndum Vegagerðarinnar þannig að samræmi sé tryggt á milli skráa um vegslóða.

Dregið verður úr réttaráhrifun skráningar minja á náttúruminjaskrá. Ákvæði um friðlýsingu svæða eru einfölduð. Í kafla sem fjallað er um vernd vistkerfa og jarðminja eru tillögur um að ekki sé gengið eins langt í réttarákvæðum eins og boðað var í eldri lögum. Að lokum er

gert ráð fyrir að ákvæðum 11. kafla um framandi tegundir verði endurskoðuð með það að markmiði að sameina stjórnábylgju Umhverfisstofnunnar við stjórnábylgju Matvælastofnunnar.

Hafnarfjarðarbær tekur undir að skynsamlegt sé að skýra ákvæði lagana með það að markmiði að gera þau aðgengilegri og skýrari. Í tilfalli sveitarfélaga er mjög nauðsynlegt að varúðarreglan sé skýr og það sé gerð krafa um að vísindalegar úttektir eða kannanir á náttúrunni liggi fyrir áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin. Þetta gerir auknar kröfur á vinnubrögð sveitarfélaga og framkvæmdaraðila. Þetta kemur í veg fyrir neikvæðar náttúrulegar afleiðingar framkvæmda. Þetta þýðir það að m.a. sveitarfélög þurfa að gera sér viðmið um hvaða kröfur um gæði ber að gera til þeirra upplýsinga sem þurfa að liggja fyrir.

Í 5. gr. eru gerðar skilgreiningar á m.a. óræktuðu landi. Þar kemur fram að land teljist óræktuð eftir *langvarandi notkunarleysi*. Hvernig er túlkunin á orðinu *langvarandi*? Innan lögsögu Hafnarfjarðar er mikið af óræktuðu landi í Krýsuvík. Þær heimildir sem fram koma um umferð gangandi manna gætu verið í andstöðu við það sem fram kemur í stefnumarkandi aðalskipulagi Krýsuvíkur.

Í 13 gr. engar athugasemdir eru gerðar og er því fagnað að greinin er gerð skýrari og auðveldari aflestrar. Það að gera Umhverfisstofnun kleift að gera samninga beint við m.a. sveitarfélög um verkefni á sviði náttúruverndar á svæðum sem ekki hafa hlotið friðlýsingu, friðun eða vernd samkvæmt ákvæðum lagana vill Hafnarfjarðarbær undirstrika gildi samráðs.

Í 18. gr. um umferð gangandi manna er búið að bæta bæta því inn að þrátt fyrir að skógræktarsvæði teljist ræktað land er för um svæðið ekki háð samþykki landeigenda. Hafnarfjarðarbær vill þó ítreka að þetta gildir ekki ef tjalda skal til einnar nætur en í lögunum er heimilt að tjalda til einnar nætur á óræktuðum svæðum. Það er einungis hægt að tjalda á merktum tjaldsvæðum innan sveitarfélagsins. Skátafélagið Hraunbúar hefur á umráðasvæði sínu í Krýsuvík heimildir til að tjalda.

Í 25 gr. er lagt til að hægt sé að takmarka umferð um vegna ágangs t.a.m. ferðamanna með það að markmiði að vernda viðkvæma náttúru. Þetta gildir líka um landeigendur. Þetta er mjög góð viðbót við náttúruverndarlögin með þeim aukna fjölda ferðamanna sem nú sækja landið heim. Þetta eykur heimildir sveitarfélagsins til þess að bregðast við ágangi.

Í 31. gr. sem snýr að banni við utanvegaakstri er lagt til að heimildir séu skýrari og þar er m.a. minnst á heimildir til utanvegaaksturs vegna kvikmyndagerðar. Hafnarfjörður hefur mikilla hagsmuna að gæta í því samhengi þar sem Krýsuvík hefur verið vinsælt svæði til kvikmyndatöku. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að vera leyfisveitandi í þesskonar tilfellum og nægir því ekki leyfi Umhverfisstofnunnar eitt og sér.

Í 32. gr. sem snýr að samræma kortagrunn vegna vega og vegslóða fagnar Hafnarfjarðarbær að slíkur kortagrunnur sé samræmdur. Það hefur mikið borið á ósamræmi á milli grunna og skráa. Þetta gerir vissulega aukna kröfu á að sveitarfélög geri tillögu að slíkri skrá.



HAFNARFJÖRÐUR

Í 33. gr. sem fjallar um flokkun í náttúruminjaskrá er upptalningin nokkuð ruglingsleg. Í A hluta sem ber nafnið **Friðlýst svæði** eru bæði talin upp friðlýst svæði og einnig svæði sem vernduð eru skv. sérlögun. Undir kaflanum friðlýst svæði eiga einungis að vera friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögunum.

Í 39. gr. laganna er fjallað um að Umhverfisstofnun sé heimilt að semja við lögaðila um að hann taki þátt í umönnun friðlýst svæðis. Þarf ekki að tilgreina nánar hvaða ábyrgð Umhverfisstofnun hefur í þessu sambandi og jafnvel í hverju umönnun felst?

Í 40 gr. sem fjallar um auglýsingar og friðlýsingu kemur ný grein ásamt fyrirsögninni *Hætta á röskun friðlýstra náttúruminja*. Þar kemur fram að leyfi umhverfisstofnunnar þurfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Þar kemur einnig fram að leiti framkvæmandi ekki leyfis er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar.

Að mati Hafnarfjarðarbæjar er ekki nóg að Umhverfisstofnun gefi út leyfi eða stöðvi framkvæmdir á svæðum þar sem hætta á friðlýstum náttúruminum verði spillt, landeigandi og viðkomandi sveitarfélag þurfi að koma að því leyfi.

54. gr. friðlýsing vatna- og jarðhitasvæða (Dagur)

Hafnarfjarðarbær styður markmið frumvarpsins í meginráttum en vill undirstrika gildi samráðs þar sem sveitarfélagið á mikla hagsmuna að gæta í Krýsuvík sem og á þeim stöðum sem þegar hafa verið friðlýstir eða eru á náttúruminjaskrá.

Almannarétturinn skipar stóran sess í þessu frumvarpi sem setur jafnframt þær skyldur á almenning að ganga vel um náttúru Íslands og sýna varúð og virðingu þannig að henni verði ekki spillt.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt fíla

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR